

Anna Björg



Söngbók búin til á www.guitarparty.com

Efnisyfirlit

Allt fyrir mig	3
Anna í Hlíð	3
Bahama	3
Einbúinn	4
Flagarabragur	4
Fram í heiðanna ró	5
Hryssan mín blá	5
Jameson	5
Jarðarfarardagur	6
Komdu inn í kofann minn	6
Kvöldsigling	7
Kötukvæði	7
Lífið er lotterí	7
Nú er gaman	8
Pípan (Ástarljóð)	8
Róninn	8
Sjúddirarí rei	9
Upp í sveit	9
Verst af öllu	9
Vetrarnótt	10
Ég er kominn heim	10
Ó, María mig langar heim	10
Útihátíð	11
Þorpið	11

Allt fyrir mig

Höfundur lags: Bragi Valdimar Skúlason
Höfundur texta: Bragi Valdimar Skúlason
Flytjandi: Baggalútur

Ég leitað hafði langa hríð
um landið þvert í erg og gríð
að konu við mitt hæfi
raunar alla ævi

En það bar engan árangur
Ég var örmagna og sársvangur
ég kominn var að þrotum
og að niðurlotum

Þá birtist hún með brúðarslör
og bros á vör
hún lofaði að annast mig
ef ég gengi að eiga sig

hún þurrkar af og þrífur
er ég þreyttur er og stífur
allt fyrir mig
hún ræstir og hún þvær
hún ryksugar og hlær
allt fyrir mig

Við giftum okkur eins og skot
við innréttuðum lífið kot
og hlóðum niður börnum
í nokkrum góðum tórnum

Hún verður ekki af þrifum þreytt
nú þarf ég ekki að gera neitt
femenískar beljur
súpa sjálfsagt hveljur

Því konum ber að bölvva því
að baka og stoppa í
en ástin mín hún elskar það
og að láta renna í það

hún þurrkar af og þrífur
er ég þreyttur er og stífur
allt fyrir mig
hún ræstir og hún þvær
hún ryksugar og hlær
allt fyrir mig

hún þurrkar af og þrífur
er ég þreyttur er og stífur
allt fyrir mig
hún ræstir og hún þvær
hún ryksugar og hlær
allt fyrir mig

hún þurrkar af og þrífur
er ég þreyttur er og stífur
allt fyrir mig
hún ræstir og hún þvær
hún ryksugar og hlær
allt fyrir mig
allt fyrir mig

Anna í Hlíð

Höfundur lags: Dick Thomas
Höfundur texta: Eiríkur K. Eiríksson
Flytjandi: Vinabandið

Ég fór að smala kindum hér
eitt kvöldið fram í dal
og kominn var ég lengst
inn í bláan fjallasal.
Þá ungri mætti' ég blómarós,
með augun djúp og blíð
og er ég spyr að nafni,
hún ansar: "Anna' í Hlíð."

Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,
með augun blá, svo yndisfríð,
af ástarþrá ég kvalir líð.
Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,
nei engin er eins fríð
og hún Anna mín í Hlíð.

Ég örmum vafði Önnu,
svo hún andann varla dró,
mig ástin var að kæfa
og ákaft hjartað sló.
Svo kyssti' ég hennar mjúka munn
og augun djúp og blíð
og mælti milli kossa:
"Ó, Anna mín í Hlíð."

Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,
ég elska mun þig alla tíð
og örmum vefja ár og síð.
Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,
þú ert svo ung og fríð,
elsku Anna mín í Hlíð.

Bahama

Höfundur lags: Ingólfur Þórarinsson
Höfundur texta: Ingólfur Þórarinsson
Flytjandi: Ingó og Veðurguðirnir

Síðan þú fórst hef ég verið með magakveisu.
Skildir ekkert eftir, nema þessa peysu.
Verst finnst mér þó að núna ertu með honum.
Veistu hvað hann hefur verið með mörgum konum?

Svo farðu bara, mér er alveg sama.

Ég þoli ekki svona barnaskóladrama.
Ég ætla að pakka í töskurnar og flytja til

Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.

Allar stelpurnar hér eru í bikini
og ég er búinn að gleyma peysuflíkinni.
Ég laga hárið og sýp af stút,
búinn að gleyma hvernig þú lítur út.

Í spilavítinu kasta ég teningum,
í fyrsta sinn á ég helling af peningum.
Borga með einhverju korti frá þér
sem ég tók alveg óvart með mér

til Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.
Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.

Alla daga ég sit hér í sólinni,
minnugur þess þegar ég var í ólinni.
Þú sagðir mér þá að þrifa og þvo,
meðan í takinu hafðir tvo.

Núna situr þú eftir í súpunni,
ófrísk og einmana, alveg á kúpunni.
Og þennan söng hef ég sér til þín ort
og ég vona að ég fái kort

til Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.
Bahamaeyja, Bahamaeyja,
Bahamaeyja, Bahama.

Einbúinn

Höfundur lags: Magnús Eiríksson
Höfundur texta: Magnús Eiríksson
Flytjandi: Mannakorn

Ég bý i sveit, á sauðfé á beit
og sællegar kýr úti á túni.
Sumarsól heit sem vermir nú reit
en samt má ég bíða eftir frúnni.

Traktorinn minn, reiðhesturinn
hundur og dálítið af hænum.
Kraftaverk eitt til oss gæti leitt
hýrlega mey burt úr bænum.

Veturinn er erfiður mér
svo andskoti fótkaaldur stundum.
Ég sæi þig gera eins og mig
ylja á þér tærnar á hundum.

Þeir segja mér að þeysa af stað

þær bíði eftir bóndanum vænum.
Ég hef reynt, það veit guð, en það er sko það
að þræða öll húsin í bænum.

Ég bý i sveit, á sauðfé á beit
og sællegar kýr úti á túni.
Sumarsól heit sem vermir nú reit
en samt má ég bíða eftir frúnni.

Ó, ó, Sumarsól heit senn vermir nú reit
en samt má ég bíða eftir frúnni.

Ó, ó, Sumarsól heit senn vermir nú reit
en samt má ég bíða eftir frúnni.

Flagarabragur

Höfundur lags: Írskt þjóðlag
Höfundur texta: Jónas Friðrik Guðnason
Flytjandi: Ríó Tríó

Ég kátur stunda kvennafar
og kann að súpa úr glasi
með hlátri slapp ég hér og þar
úr hinu og öðru þrasi

Því konur vildu í kirkju fá
og koma á mig spotta
en ljónum þeim ég læddist frá
og lét mér nægja að glotta

Einn tveir nú allir gólum saman
allir þeir sem hafa af skál og kvennafari gaman
gráti væli og grenjutón ei gegni nokkur kjaftur
syngjum dátt og höfum hátt
helltu í glasið aftur

Og ein var þar sem elda kunni
allrahandu steikur
og ég sem er í maga og munni
mjög á svelli veikur
þar veislu í níttján daga naut
því nægur reyndist forðinn
síðan burtu samt ég þaut
þá sílspikaður orðinn

Einn tveir nú allir gólum saman
allir þeir sem hafa af skál og kvennafari gaman
gráti væli og grenjutón ei gegni nokkur kjaftur
syngjum dátt og höfum hátt
helltu í glasið aftur

Og þannig marga meyju
hef ég margvíslega svikið
ég veit ei lengra en nær mitt nef
sem nær þó skollans mikið
og alltaf skal ég elska þær
af öllu mínu hjarta

og skil ei þó ég elski tvær
að önnur þurfi að kvarta

Einn tveir nú allir gólum saman
allir þeir sem hafa af skál og kvennafari gaman
gráti væli og grenjutón ei gegni nokkur kjaftur
syngjum dátt og höfum hátt
helltu í glasið aftur

Fram í heiðanna ró

Höfundur lags: Daniel E. Kelley
Höfundur texta: Friðrik A. Friðriksson
Flytjandi: KK ásamt fleirum.

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld,
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað í spyrjandi þrá:
Mundi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.
Þar er himinninn víður og tær.

Hryssan mín blá

Höfundur lags: Bjarni Hafþór Helgason
Höfundur texta: Bjarni Hafþór Helgason
Flytjandi: Skriðjöklarnir ásamt fleirum.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
við vorum alltaf þeim frá, já.

Manstu mín kæra gresjurnar
Akrafjöllin, Esjurnar?
já, manstu'er við riðum dalina
og alla fjallasalina?

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
við vorum alltaf þeim frá, já.

Manstu'er við hittum hann Rauð á Stöng
og þú heyrðir svanasöng?
En folaldið hvíta seinna varð
úti við svartaskarð.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
við vorum alltaf þeim frá, já.

Þegar ég lít yfir farinn veg
heillar mig minningin,
þökkuð er sambúð yndisleg
og líka viðkyrningin.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
við vorum alltaf þeim frá, já.

Jameson

Höfundur lags: Papar
Höfundur texta: Georg Óskar Ólafsson
Flytjandi: Papar

Við drekkum Jameson
við drekkum Jameson
Allan daginn út og inn
Við blásu ekki úr nösum
af nokkrum vískíglösum
en vömbin er þétt og tekur í.

Við drekkum Jameson ef förum inn á bar
við drekkum Jameson á kvennafari þar
við erum svaka kallar
hey! veggurinn hann hallar
komið og drekkið félagar.

Við drekkum Jameson
við drekkum Jameson
Allan daginn út og inn
Við blásu ekki úr nösum
af nokkrum vískíglösum
en vömbin er þétt og tekur í.

Við drekkum Jameson og krækjum stúlkur í
Við drekkum Jameson og klæðum úr og í
þær eru mikið þreyttar
og ansi mikið sveittar
en ekki er tekið mark á því

Við drekkum Jameson

við drekkum Jameson
Allan daginn út og inn
Við blásum ekki úr nösum
af nokkrum vískíglösum
en vömbin er þétt og tekur í.

Við drekkum Jameson og veifum hnefunum
Við drekkum Jameson í fangaklefunum
en nú er gleði mikil
ég var að smíða lykil
og svakalegt fát á löggunum.

Við drekkum Jameson
við drekkum Jameson
Allan daginn út og inn
Við blásum ekki úr nösum
af nokkrum vískíglösum
en vömbin er þétt og tekur í.

Við drekkum Jameson og rífum okkar skegg
Við drekkum Jameson og mígum upp á vegg
við veifum okkar tólum
öll þjóðin er á hjólum
svo förum við heim og spælum egg.

Jarðarfarardagur

Höfundur lags: Þórir Baldursson
Höfundur texta: Sigurður Þórarinnsson
Flytjandi: Savanna Tríoíð

Það gerðist hér suður með sjó
að Siggí á Vatnsleysu dó
og ekkjan hans, Þóra, var ekki að slóra
til útfaraveislu sig bjó.
Og ekkjan hans, Þóra, var ekki að slóra
til útfaraveislu sig bjó.

.,: la la la la la la la la .,:

Það var logndrifa' og ládaður sjór,
er hinn látni í gröfina fór,
og ekkjan með sjarmi brá svuntu að hvarmi.
Menn sáu, að hryggðin var stór.
Og ekkjan með sjarmi brá svuntu að hvarmi.
Menn sáu, að hryggðin var stór.

.,: la la la la la la la la .,:

Og klerkur sagði: "Holdið er hey.
Vér hryggjumst og kveinum ó vei.
Þann gæðamann tel ég sem guði nú fel ég
við gleymum hans trúmennsku ei.
Þann gæðamann tel ég sem guði nú fel ég
við gleymum hans trúmennsku ei.

.,: la la la la la la la la .,:

Þegar gengin frá garði var drótt
kom granninn og talaði hljótt.
Þótt góðan með sanni þú syrgir nú manninn
má sorginni gleyma í nótt.
Þótt góðan með sanni þú syrgir nú manninn
má sorginni gleyma í nótt.

.,: la la la la la la la la .,:

En Þóra sagði: "Því skal ei leynt
að þetta er fallega meint,
en sorgina' ég missti, er ég kistusmiðinn kyssti
þú kemur því góði of seint.
En sorgina' ég missti, er ég kistusmiðinn kyssti
þú kemur því góði of seint.

.,: la la la la la la la la .,:

Komdu inn í kofann minn

Höfundur lags: Irme Kálmán
Höfundur texta: Davíð Stefánsson frá Fagraskógi
Flytjandi: Sigrún Ragnarsdóttir

Komdu inn í kofann minn,
er kvölda' og skyggja fer.
Þig skal aldrei iðra þess
að eyða nótt hjá mér.
Við ævintýraeldana
er ýmislegt að sjá,
og glaður skal ég gefa þér
allt gullið, sem ég á,

tíu dúka tyrkneska
og töfraspegla þrjá,
níu skip frá Noregi
og naut frá Spánía,
austurlenskan aldingarð
og íslenskt höfuðból,
átta gráa gæðinga
og gylltan burðarstól,

fjaðraveifu fannhvíta
og franskan silkikjól,
eyrnahringi, ennisspöng
og alabasturskrín,
hundrað föt úr filabeini
full með þrúguvín
og lampann, sem að logaði
og lýsti Aladdín,

Komdu inn í kofann minn,
er kvölda' og skyggja fer.
Alltaf brennur eldurinn
á arninum hjá mér.
Eg gleymdi einni gjöfinni
og gettu hver hún er.

Ég gleymdi einni gjöfni,
ég gleymdi sjálfum mér.

Kvöldsigling

Höfundur lags: Gísli Helgason
Höfundur texta: Jón Sigurðsson
Flytjandi: Gísli Helgason

Bátur líður út um Eyjasund,
enn er vor um haf og land,
syngur blærinn einn um aftanstund,
aldan niðar blítt við sand.

Ævintýrin eigum ég og þú,
ólgar blóð og vaknar þrá.
Fuglar hátt á syllum byggja þú,
bjartar nætur vaka allir þá.

Hvað er betra en vera ungur og ör,
eiga vonir og æskufjör?
Geta sungið, lifað leikið sér
létt í spori hvar sem er
og við öldunið um aftanstund
eiga leyndarmál og ástarfund,
eiga leyndarmál og ástarfund.

Kötukvæði

Höfundur lags: Will Grosz
Höfundur texta: Sigurður Ágústsson frá Birtingarholti
Flytjandi: KK ásamt fleirum.

Það var um kvöld eitt að Kötu ég mætti.
Hún var að koma af engjunum heim.
Það var í ágúst að áliðnum slætti
og nærri aldimmu á kvöldunum þeim.

Hún var svo ung eins og angandi rósir.
Ég hafði aldrei séð hana fyrr.
Um vanga dönsuðu lokkarnir ljósir
og augun leiftruðu þögn og kyrr.

Hlýtt ég tók í hönd á Kötu,
horfði' í augun djúp og blá.
Gengum síðan burt af götu,
geymdi okkur náttmyrkrið þá.

En þegar eldaði aftur og birti
í hjarta ákafan kenndi ég sting.
Og fyrir augum af angist mig syrti.
Hún var með einfaldan giftingarhring.

Hún var með einfaldan giftingarhring.
Um frægðarmenn og kappa við fáum oft að heyra,
en fáa veit ég líka honum siglufjarðar-geira.
Að erfiðleikum sínum hann alltaf gaman henti,
og ef að hann í sérstöku klammaríi lenti,

Lífið er lotterí

Höfundur lags: Írskt þjóðlag
Höfundur texta: Jónas Árnason
Flytjandi: Papar

sagð'ann:

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

Í æsku hans á böllum voru áflog fastur liður
og allra manna fyrstur var hann jafnan sleginn niður
en þegar hann svo stóð upp aftur eftir meðferð slíka
með augu bólgin, sprungna vör og nefið brotið líka
sagð'ann:

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

Hann ungur gerðist formaður á mótorbátum Brandi,
og bein úr sjó hann aldrei dró, en lenti oft í strandi
en geira stóð á sama, hann öxlum sínum yppti
og er hann bátum strandaði í tuttugasta skipti,
sagð'ann

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

Hann eitt sinn fékk sér konu, af öðrum konum bar hún,
en ekki nema í meðallagi dyggðug kona var hún.
hún elskaði hann talsvert, en aðra talsvert meira
og er hún lokum skildi við manninn sinn hann geira
sagð'ann

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

En dag einn sýndist karlinn eitthvað lumbrulegur vera
og lækarnir þeir tóku hann og fóru strax að skera
og er þeir höfðu burt úr honum skorið fleira og fleira
svo fækkað hafði stórlaga innnyflum í geira,
sagð'ann

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

og kvöld eitt fékk hann aðkenning af alvarlegu slagi.
og innan stundar fékk hann slag af miklu verra tagi
og þegar nóttin lagðist yfir haf og yfir hauður
og heiðurskarlinn geiri virtist loksins alveg dauður
sagð'ann

Lífið er lotterí Já það er lotterí
Já, það er lotterí. og ég tek þátt í því

Nú er gaman

Höfundur lags: Lendager ásamt fleirum.
Höfundur texta: Árni Sigurðsson
Flytjandi: Deildarbungubræður

Ég held ég elski Stínu samt er ég ekki viss
því að aðra fallettri ég sá í gær
ég rúnta nú um bæinn og vonast hana að sjá
ég veit að brátt þá situr hún mér hjá

Já nú er gaman, kærastan og ég hér saman
leiðumst um bæinn hönd í hönd,
draumalönd, nú er gaman
Já nú er gaman, kærastan og ég hér saman
leiðumst um bæinn hönd í hönd,
nú gaman er.

Ég reyti af mer brandara og hvísla ástarorð
og hún segist vera til að fara á fast
þó langt sé liðið kvöldið á er hvorugt okkar þreytt
og hún segist vera afsloppuð hjá mér

Já nú er gaman, kærastan og ég hér saman
leiðumst um bæinn hönd í hönd,
draumalönd, nú er gaman
Já nú er gaman, kærastan og ég hér saman
leiðumst um bæinn hönd í hönd,
nú gaman er.

Ó hve unaðsleg, þessi stund er mér
er hún brosir til mín
Finn mig knúinn til, þess að kyssa þig
hamingjan mér hliðholl er
hamingjan mér hliðholl er

Já nú er gaman, kærastan og ég hér saman
leiðumst um bæinn hönd í hönd,
draumalönd, nú er gaman
Já nú er gaman, kærastan og ég hér saman
leiðumst um bæinn hönd í hönd,
draumalönd, nú er gaman
Já nú er gaman, kærastan og ég hér saman
leiðumst um bæinn hönd í hönd,
draumalönd, nú er gaman
Já nú er gaman, kærastan og ég hér saman
leiðumst um bæinn hönd í hönd,
nú gaman er.

Pípan (Ástarljóð)

Höfundur lags: Hafsteinn Guðfinnsson
Höfundur texta: Ragnar I. Aðalsteins.
Flytjandi: Sjöund

Ég sá hana fyrst á æskuárum

ósnortin var hún þá.
Hún fyllti loftið af angan og ilmi
æsandi losta og þrá.
Síðla á kvöldin við fórum í felur
mér fannst þetta svolítið ljótt.
En alltaf varð þetta meiri og meiri
unaður hverja nótt

Ég ætlaði seinna að hætta við hana
ég hélt að það yrði létt.
En ég varð andvaka næstu nætur
því nú voru takmörk sett.
Endurminningin örvaði blóðið
ástin mér villti sýn.
Innan skamms fór ég aftur til hennar
og eftir það varð hún mín.

Hún fylgir mér ennþá svo trygg og trú
svo tágrönn og hnakkakert.
Aldrei hefur hún öðrum þjónað
né annarra varir snert.
Hvenær sem grípur mig hugarangur
hún huggar mig raunum í.
Þá treð ég í hana tóbakshnoði
og tendra svo eld í því.

Þá treð ég í hana tóbakshnoði
og tendra svo eld í því.

Róninn

Höfundur lags: Magnús Eiríksson
Höfundur texta: Magnús Eiríksson
Flytjandi: Mannakorn

Undir gömlum árabát er næturstaður manns.
Kassi merktur tuborgöli er eina mublan hans.
Hann stundar ekki vinnu, bara betlar lítið eitt.
Í bláleitt glas af kogara er hverri krónu eytt.

Fátt eitt skiptir máli og hann fréttir aldrei neitt.
Furðulega rólegur samt er hann yfirleitt.
Fólki því sem finnst hann vera róni og flökkudýr
er einnig fjarlæggt bálið sem í brennivíni býr.

Hann átti eitt sinn fjölskyldu, já bæði bíl og hús.
Bakkus tók það frá honum, nú eru þeir tveir dús.
Fólki er svo sem sama þótt róni spræni í brók
og stolt hans var það fyrsta sem hann Bakkus gamli tók.

Du ru ru du ruru, du ru ru du duru ru
Du ru ru du ruru, du ru ru du duru ru

Þó er það svo afstætt hver er aumingi og svín.
Á dómsins æðsta degi drekkur róninn máski vín
við háborðið með Pétri og himnafeðgunum.
Í hlýju þornar hlandið úr rónabuxunum.

La ra la ra lara, la ra la la lara la
La ra la ra lara, la ra la la lara la

La ra la ra lara, la ra la la lara la
La ra la ra lara, la ra la la lara la

Sjúddirari rei

Höfundur lags: Gylfi Ægisson
Höfundur texta: Gylfi Ægisson
Flytjandi: Gylfi Ægisson

Capo á 2.band

Sjúddirarerei, sjúddirarira,
á Flosa Ólafs er sko líf og fjör

Á Flosa Ólafs kokkurinn er kona,
köllunum þeim finnst það betra svona.
Hún er ofsa sæt og heitir Fríða.
Hún á það til að leyfa' okkur að
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
leyfa' okkur að kyssa sig á kinn.

Er ég í koju kominn er á kvöldin,
kvensemin strax tekur af mér völdin,
og mitt yndi er þá ekki bókin,
aftur á móti strýk ég á mér
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
strýk ég á mér skallann ótt og títt.

En í næstu koju hvílir Fríða,
kvenleg mjög með augnaráðið blíða,
og mér finnst hún ofsa fallet skvísa,
enda fer mér undireins að
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
undireins að langa hennar til.

Eitt er það sem veldur mér þó ama,
öllum hinum yrði ekki sama,
ég veit þeir yrðu ekkert ofsaglaðir,
enda greyin sjálfir orðnir
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
sjálfir orðnir spenntir eins og ég.

Ég verð að haga seglum eftir vindi,
eiga'na sem algjört augnayndi,
og svo næst er ég í landi stoppa,
veit ég að hún leyfir mér að
Sjúddirarerei, sjúddirarira,
leyfir mér að eiga nótt sér hjá.

Þá verður lífið algjör syndasæla,
sjálfsagt fara hinir þó að skæla,
og hópast vilja að henni í heilum bunka,
ég held þeir verði sér þá bara að
Sjúddirarerei, sjúddirarira,

sér þá bara að skiljast að hún er mín.

Upp í sveit

Höfundur lags: Sumarliði Hvanndal
Höfundur texta: Sumarliði Hvanndal
Flytjandi: Hvanndalsbræður.

Það býr strákur, hér upp í sveit
Hann er alltaf að reyna að elta eina gamla geit
Þessi strákur er frekar sver
Hann er alltaf detta á rassinn og það er ver

Það er allt í góðu lagi
Því í sveitinni heima hjálpast allir að
Það er allt í góðu lagi
Hér er enginn á eftir öðrum heim á hlað

Það býr stúlka, hér upp í sveit
Hún óheppin, ófrið og einnig talsvert feit
Þessi stúlka er frekar sár
Því hann hefur ei séð á sér tærnar í 17 ár

Það er allt í góðu lagi
Því í sveitinni heima hjálpast allir að
Það er allt í góðu lagi
Hér er enginn á eftir öðrum heim á hlað

Sveita lífið, yndislegt það er
Hér er allt sem óskað getur þér

Það búa hjón hér, hér upp í sveit
Og þau rífast og skammast og allt virðist vera í steik
Hann er lítill, en hún er stór
Svo þau geta ekki kysst nema hann standi uppá stól

Það er allt í góðu lagi
Því í sveitinni heima hjálpast allir að
Það er allt í góðu lagi
Hér er enginn á eftir öðrum heim á hlað

Verst af öllu

Höfundur lags: Evert Taube
Höfundur texta: Jónas Friðrik Guðnason
Flytjandi: Ríó Tríó

Verst af öllu er í heimi
einn að búa í Reykjavík.
Kúldrast uppi á kvistherbergi
í kulda og hugsa um pólitík.
Vanta félagsskap og finnast
fólkið líta niður á þig.
Elda sjálfur, vita að veslings
vömbin er að gefa sig.
Troðfullt allt af tómum flöskum.
Táfýlan að drepa þig.

Laumast heim eitt kvöld með konu,
kanna hennar innstu rök.
Æfa fyrir neðan nafla
náttúrunnar glímútk.
Losa það sem þarf að losa.
Þukla eins og venjan er.
Leikinn við að ljúga og brosa,
látast elska verða ber.
Sýna allar æfingarnar.
Eina kvöldstund gleyma sér.

Vita að þegar vaknar aftur
verður allt jafn tómt sem fyrr.
Konan sér í fötin flýtir,
fer í burtu. Lokast dyr.
Þú ert einn í þínu rusli,
þessi stund er óðar gleymd.
Sólin inn um gluggann gægist,
glottir yfir þinni eynd.
Þessi nótt úr þínum huga
þurrkuð út og mun ei geymd.

Þannig einn af öðrum líður
ógnarlangur dagur hjá.
Glingrað oft við öl um nætur,
einsemd þannig gleyma má.
Þyrfti víst að þvo og hreinsa,
þyrfti margt að gera við,
ekkert þér úr verki verður,
vesöldin á hvora hlið.
Ef þú gætir flutt þú færir.
Ferlegt mjög er ástandið.

Vetrarnótt

Höfundur lags: Ágúst Atlason
Höfundur texta: Ágúst Atlason
Flytjandi: Bítlavinafélagið

Í örmum vetrarnætur
litli bærinn sefur rótt
unga barnið grætur
en móðir þess það huggar skjótt.

Í baksýn fjöllin há
snævipaktir tindar rísa.
Fögur sjón að sjá
og norðurljósinn allt upp lýsa.

Fögrum skruða landið skryðist
slíkum vetrarnóttum á.
Flækingsgrei eitt úti hírist,
vosbúðin hann kvelur þá.

Er birta fer að degi,
litli bærinn vaknar skjótt.
Hvíldar nýtur eigi
lengur þessa vetrarnótt.

Ég er kominn heim

Höfundur lags: S. Hamblen
Höfundur texta: Loftur Guðmundsson
Flytjandi: KK ásamt fleirum.

Hér stóð bær með burstir fjórar,
hér stóð bær á lágum hól.
Hér stóð bær, sem bernskuminning
vefur bjarma af morgunsól.
Hér stóð bær með blóm á þekju,
hér stóð bær með veðruð þil.
Hér stóð bær og veggjabrotin
ennþá ber við lækjargil.

Ég er kominn heim í heiðardalinn,
ég er kominn heim með slitna skó.
Kominn heim að heilsa mömmu,
kominn heim í leit að ró.
Kominn heim til að hlusta á lækinn
sem hjalar við mosató.
Ég er kominn heim í heiðardalinn,
ég er kominn heim með slitna skó.

Ó, María mig langar heim

Höfundur lags: Tills Wilkins
Höfundur texta: Ólafur Gaukur Þórhallsson
Flytjandi: Ýmsir

Hann sigldi út um höfin blá í 17 ár
og sjómennsku kunnir hann upp á hár,
Hann saknaði alla tíð stúlkunnar
og mynd hennar stöðugt í hjarta hann bar.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar
hann heillaði þar allar stúlkurnar
en aldrei hann meyjarnar augum leit
það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Loks kom að því, hann vildi halda heim á leið
til hennar sem sat þar og beið og beið
hann hætti til sjós, tók sinn hatt og staf
og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.

Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

En fleyið bar hann aldrei heim að fjarðarströnd.
Hann siglir ei lengur um ókunn lönd.
En María bíður og bíður enn
Hún bíður og vonar hann komi nú senn.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Útihátíð

Höfundur lags: Sveinbjörn Grétarsson ásamt fleirum.
Höfundur texta: Greifarnir
Flytjandi: Greifarnir

Þið sem komuð hér í kvöld
(vonandi skemmtið ykkur vel)
Ég veit þið höfðuð með ykkur tjöld
(drekkið ykkur ekki í hel)

Þið komuð ekki til að sofa
(í tjaldi verðið ekki ein)
fjóri skal ég ykkur lofa
(dauður bak við næsta stein).

Upp á palli, inn í tjaldi, úti fljóti
vonandi skemmtið ykkur vel.
Illa drukkin, inni skógi, hvar er tjaldið,
vonandi skemmtið ykkur vel.

Þetta er söngur til þín og mín
(þú mátt alveg syngja með)
okkar sem drekkum eins og svín
(svo fljóti út um eyru og nef).

Upp á palli, inn í tjaldi, úti fljóti
vonandi skemmtið ykkur vel.
Illa drukkin, inni skógi, hvar er tjaldið,
vonandi skemmtið ykkur vel.

Þorpið

Höfundur lags: Bubbi Morthens
Höfundur texta: Bubbi Morthens
Flytjandi: Bubbi Morthens ásamt fleirum.

Capó á 1.band

Þorpið er hér ennþá en frystihúsið fór í gær
Fór án þess að kveðja með sínar vélar og rær
Bryggjan bátavana kvótinn minning ein
Í fjörunni leyfar af bát, fuglar og bein

Unga fólkíð er fyrir sunnan að dreyma

Gamla fólkíð situr eftir heima
Minningar útá fjörðinn streyma
Þorpið er að þurrkast út

Þar sem malbikið er, grasið teygir sig uppúr
Fjallahringurinn er orðinn einskonar múr
Part úr vetri nær sólin aldrei að skína
Á fjörðinn og ljósið er vart sjánleg lína

Unga fólkíð er fyrir sunnan að vinna
Galma fólkíð varð eftir með nál og tvinna
Útá firði er enga drauma að finna
Þorpið er að þurrkast út

Húsin kosta nokkrar dánar krónur
Kannski er hægt að rækta úr þeim feitar jónur
Leikskólinn geymir bergmál hrópandi barna
Sem í borginni segja ég fæddist þarna

Sem ekkert ungt fólk finnst lengur
Bara gamalt lið og naktar fánastengur
Á landi er víst enginn happafengur
Þorpið er að þurrkast út

Bankakerfið fyrir sunnan féll með látum
En fimmtá árum fyrr hjá okkur útaf bátum
Sem voru keyptir og kvótinn seldur suður
Þar sem bankamenn átu gullhúðaðar kruður

Unga fólkíð fór suður til að dreyma
Um gullið sem enginn átti heima
Og gammar yfir gömlu fólkí sveima
Þorpið er að þurrkast út

Fjöllin þau standa, stara útá fjörðinn
Þorpið er að sökkva hægt oní svörðinn
En ég ætla að reyna rembast eitthvað lengur
Því konan mín er ólétt, það er sagt víst drengur

Hér vil ég vera hér á ég heima
En tækifærin virðast burtu streyma
Það er ekkert rangt við það að dreyma
Að þorpið mitt það hjarni við

Hér vil ég vera hér á ég heima
En tækifærin burtu bara streyma
Það er ekkert rangt við það að dreyma
Að þorpið mitt það hjarni við.